Kópavogi, 27.10.2022.

Efni: Eftirfarandi tillögur sammæltist Ungmennaráð Kópavogs um að kynna á fundi með Bæjarstjórn Kópavogs 26.apríl 2022.

Bæta aðstöðu í skólaumhverfinu

Auka fjármagn til að bæta aðstöðu búnaðar nemenda í grunnskólum Kópavogs. Horft sé til verkefnisins ,,Okkar Kópavogur,, þar sem nemendur geta í gegnum kosningu haft áhrif á það fjármagn sem úthutað er til skólanna í búnað.

Svar; Í aðgerðaráætlun menntastefnu aðgerð M.1.3 *Virk þátttaka barna í ákvörðunartöku* er unnið að verkefninu ,,Okkar skóli,,. Markmið og tilgangur verkefnis gengur út á það að gefa nemendum í grunnskóla ákvörðunarrétt um hvernig þau vilja nýta ákveðna fjárupphæð árlega til að bæta aðstöðu nemenda í hverjum skóla. Einnig að efla lýðræðislega virkni barna og ungmenna í mótun og þróun eigin skólaumhverfis.

Íþróttir, frístundir og aðstaða til hreyfingar við skólalóðir

Mikilvægt er að öll börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótta- og frístundastarfi. Skoðað verði leiðir og útfærslur á greiðslu æfingagjalda. Annars vegar að skoða hækkun frístundastyrks eða horft sé til þess að forráðamönnum gæfist kostur á að greiða tímagjald. Einnig sé horft til þess að bæta aðstöðu við lóðir skólanna til ýmiskonar hreyfingar.

Svar; Hækkun frístundastyrks er alltaf á forræði þeirra stjórnarflokka sem stjórna bænum hverju sinni. Í málefnasamningi núverandi meirihluta er gert ráð fyrir að frístundastyrkur hækki úr 56 þúsund í 70 þúsund á kjörtímabilinu (2022-2026). Útfærslan með tímagjaldið er eitthvað sem íþróttafélögin þurfa að skoða hjá sér og taka afstöðu til. Eftirfarandi tillögu er varðar tímagjald vegna greiðslu æfingagjalda mun deildarstjóri íþróttadeildar senda á íþróttafélögin og óska eftir að skoði.

Á öllum skólalóðum eru sparkvellir og körfuboltavellir. Einnig hafa verið settar upp hreystibrautir á nokkrum skólalóðum. Í gegnum verkefnið ,,Okkar skóli,, gefst nemendum tækifæri til að hafa áhrif á aðstöðu nemenda og huga mætti að því að horfa á aðstöðu skólalóða í gegnum það verkefni.

Skyndihjálpar kennsla í grunnskólum Kópavogs

Skyndihjálparkennsla sé markvisst kennt í öllum grunnskólum Kópavogs og tekur mið af hverju aldursstigi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Svar; Fyrirspurn verður send á alla grunnskóla um stöðuna. Jafnframt mun skyndihjálp verða hluti af forvarnaráætlunum grunnskóla sem verið er að vinna viðmið fyrir.

Sporna gegn matarsóun í grunnskólum Kópavogs

Það er mikilvægt að sporna gegn matarsóun í grunnskólum Kópavogs. Ein leið til þess væri að nemendur gætu valið þá daga sem þeir kjósa að vera í mat og skammti sér sjálfir á disk. Kópavogur sem barnvænt sveitarfélag ætti einnig að huga að því hvernig öllum börnum sé tryggð skólamáltíð óháð fjárhag og fjölskylduaðstæðna.

Svar; Samkvæmt upplýsingum frá skólum þá geta nemendur í öllum grunnskólum Kópavogs skammtað mat sjálf á sína diska. Nýverið var haldið námskeið fyrir alla matreiðslumenn og matráði í leik- og grunnskólum Kópavogs. Efnistök á námskeiðinu voru:
Skilgreiningar á grænkera – og grænmetisfæði

- Leiðir til þess að koma til móts við þá sem eru grænkerar
- Næringarefni og grænkerafæði
- Val á hráefni og eldun á grænkerafæði
- Matarsóun

Það er á forræði þeirra sem stjórna bænum að taka ákvarðanir um niðurgreiðslu þjónustu, og á það líka við um skólamat. Í dag þurfa foreldrar/forráðamenn að greiða fyrir skólamáltíð barna sinna.

Virðingarfyllst,

_____

Amanda K. Ólafsdóttir
Deildastjóri frístundadeildar
Starfsmaður Ungmennaráðs Kópavogs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026